

Nd.

260. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvisitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna visitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér eftirfarandi:

Hinn 19. des. s. l. reiknaði Kauplagsnefnd út húsaleiguvisitölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1943, og lagði þá til grundvallar hina almennu visitölu eins og hún var 1. des. 1947. Nú er svo mælt í 12. gr. laga nr. 128/1947, að hvarvetna, þar sem fjárhæð starfslauna og annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvisitölu, megi ekki, meðan þau lög eru í gildi, miða við verðlagsuppbót hærrí en 300, og í 15. gr. sömu laga er m. a. svo ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu visitölnnar, enda er þar sérstök áherzla lögð á það, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu visitölnnar. Þegar þessi ákvæði voru samin og sett, var til þess ætlazt, að húsaleiguvisitölan yrði frá 1. janúar 1948 reiknuð út á grundvelli almennrar visitölu 300. Samkvæmt þessu kveðst forsætisráðherra hafa með bréfi, dags. 30. des. s. l., falið Kauplagsnefnd að reikna út nýja húsaleiguvisitölu, þar sem hin almenna visitala 300 væri lögð til grundvallar, en Kauplagsnefnd hafi í bréfi sama dag neitað að verða við þessum fyrirmælum og véfengt heimild til þeirra. Til þess að girða fyrir þá töf, sem þessi neitun Kauplagsnefndar gæti valdið á framkvæmd laga nr. 128/1947, þykir brýna nauðsyn til bera að setja henni í lagaformi þau fyrirmæli, er hún fái ekki véfengt.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvisitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna visitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.